

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 1. Júní 2022

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi miðvikudaginn 1. júní 2022 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 73 einstaklingar fyrir utan starfs- og tæknifólk. 63 fulltrúar aðildarfélaga og 10 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum voru mættir. 4 fulltrúar skráðu sig til að fylgjast með fundinum í vefstreymi. Enginn almennur sjóðfélagi mætti á fundinn.

Tryggvi Jóhannsson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Aðalstein Árna Baldursson sem fundarstjóra og Einar Ingimundarson sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Nýkjörinn fundarstjóri kom þessu næst í pontu, þakkaði traustið fyrir sína hönd og undirritaðs fundarritara. Því næst fór hann yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmaður.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Skipan stjórnar
7. Starfskjarastefna
8. Kosning löggilts endurskoðanda
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

Eftir að hafa kynnt dagskrána bauð fundarstjóri stjórnarformann velkominn í pontu til af fara yfir skýrslu stjórnar.

2.a. Skýrsla stjórnar

Tryggvi Jóhannsson formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2021.

Í samantekt stjórnarformanns kom fram að árið 2021 hefði verið afar árangurríkt í rekstri Stapa. Nafnávöxtun tryggingardeildar reyndist vera 18,5% (raunávöxtun 13%) sem er besti árangur sjóðsins í núverandi mynd. Frá ársbyrjun 2019 til ársloka 2021 hefur eignavísitala Stapa hækkað um 51% sem þýðir að úrskurðuð réttindi hafa hækkað sem þessu nemur á tímabilinu. Ávöxtunarmarkmið sjóðsins er 3,5% raunávöxtun en meðalraunávöxtun undanfarinna 10 ára nemur nú 5,7%.

Tryggingfræðileg afkoma ársins var neikvæð um 33.956 millj. kr. og var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð í árslok um 27.524 millj. kr. eða 4,7% af skuldbindingum sjóðsins.

Neikvæða tryggingafræðilega afkomu sjóðsins má tekja til upptöku nýs spálíkans í staðalforsendur tryggingafræðilegrar úttektar íslenskra lífeyrissjóða. Nýtt spálíkan tekur mið af þróun undanfarinna áratuga sem gefur til kynna að lífslíkur haldi áfram að aukast um ókomna tíð. Eldri tryggingafræðilegar úttektir hafa byggt á staðalforsendum sem taka einungis mið af reynslutölum úr fortíðinni sem gera ekki ráð fyrir að þróun undanfarinna áratuga um hækkun lífaldurs haldi áfram. Með upptöku nýrra staðalforsendna hækka skuldbindingar sjóðsins um 55.546 millj. kr. eða sem nemur 11%. Góð ávöxtun sjóðsins undanfarin ár gerir hann vel í stakk búinn til að takast á við framangreindar breytingar. Stjórn sjóðsins hefur nú til skoðunar tillögur að samþykktarbreytingum sem aðlaga réttindakerfi sjóðsins að breyttum lýðfræðilegum forsendum og hafa það að markmiði að ná jafnvægi milli eigna og framtíðarskuldbindinga sjóðsins.

Í skýrslunni kom fram að á starfsárinu fundaði stjórn Stapa 16 sinnum, þar af í þrígang á sérstökum vinnufundum vegna mótunar fjárfestingarstefnu.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarformaður, fyrir hönd stjórnar, sjóðfélögum, starfsfólki og öðrum hagaðilum bestu þakkir fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

Fundarstjóri kom nú í pontu, þakkaði stjórnarformanni fyrir og bauð framkvæmdastjóra á svið til að kynna ársreikning.

2.b. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig næstur í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Áður en Jóhann hóf yfirferð sína gat hann þess að ársskýrsla sjóðsins væri ekki gefin út á pappírsmi formi nú frekar en í fyrra heldur einungis rafrænt á sérstökum ársskýrsluvef. Framkvæmdastjóri gerði sérstaka grein fyrir eftirfarandi lykiltölum úr ársreikningi:

- Iðgjöld ársins 2021 voru 14.711 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 8.295 milljónum króna á árinu.
- Fjárfestingartekjur voru 55.774 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 505 milljónum króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2020 var 357.554 milljónir króna og jókst um 61.685 m.kr milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 208.297 milljónir króna.
 - Skuldabréf 141.779 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 311 milljónir króna.
 - Afleiðusamningar 24 milljónir króna.
 - Kröfur 1.370 milljónir króna.
 - Ýmsar eignir 274 milljónir króna.
 - Handbært fé 5.602 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 104 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ítarlega yfir þróun ávöxtunar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignardeildar.

2.c. Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti þessu næst tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða fer úr +1,45% í -4,75%. Eins og komið hafði fram í máli stjórnarformanns má að öllu leyti rekja neikvæða stöðu til upptöku nýs spálíkans í staðalforsendur tryggingafræðilegrar úttektar íslenskra lífeyrissjóða. Ef ekki hefði komið til upptöku þessi hefði tryggingafræðileg staða í árslok verið jákvæð um 5%. Framkvæmdastjóri reifaði jafnframt þær hugmyndir sem eru á borði stjórnar til að bregðast við þessari stöðu en líklegt er að ársfundi á næsta ári verði lagðar fram tillögur að samþykktabreytingum til að bregðast við stöðunni og þær tillögur muni byggja á vinnu sem þegar er hafin af stjórn og verður unnin áfram á næstu misserum.

Þessu næst fór framkvæmdastjóri stuttlega yfir önnur helstu verkefni fram undan í starfsemi Stapa.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust. Hann gat þess að reikningurinn væri lagður fram til kynningar og umræðu ekki til eiginlegrar samþykktar líkt áður tíðkaðist.

Tveir fundarmenn kváðu sér hljóðs og báru upp spurningar/athugasemdir.

Fyrri fundarmaðurinn sem kvað sér hljóðs spurði út í hugsanlegar skerðingar sem þyrfti að gera á réttindum vegna hinna nýju lífslíkutaflna og hvort slík skerðing gæti orðið mismunandi milli mismunandi aldurshópa en einhverjir lífeyrissjóðir hafa samþykkt tillögur í þá veru.

Síðari fundarmaðurinn sem kvað sér hljóðs undir þessum lið lýsti andstöðu við hvers kyns skerðingar á grundvelli hækkunar á meðaltali ævilengdar. Stapi væri fyrst og fremst lífeyrissjóður hinna tekjulægri og rannsóknir sýndu fram á að ævilengd væri almennt lægri hinum tekjulægri og örorka einnig algengari. Því væri ótækt að breyta réttindum sjóðfélaga Stapa miðað við þá forsendu að ævilengd sjóðafélaga Stapa myndi lengjast jafn mikið að meðaltali eins og meðalævilengd á landinu í heild.

Eftir að spurningar/athugasemdir höfðu verið bornar upp kváðu bæði Jóhann framkvæmdastjóri og Sverrir Mar stjórnarmaður sér hljóðs. Sverrir tók fram að hann og aðrir í stjórn væru vel meðvitaðir um að sjóðfélagar Stapa væru einkum almennt verkafólk sem félli ekki endilega vel að landsmeðaltali um aukna ævilengd og kvaðst Sverrir hafa haldið þeim sjónarmiðum á lofti í allri vinnu sem tengist viðbrögðum Stapa við nýjum lífslíkutöflum hingað til og muni gera það hér eftir. Jóhann framkvæmdastjóri áréttaði að ekki væri verið að leggja til neinar breytingar á þessum fundi og að þær hugmyndir sem stjórn Stapa væri einkum að vinna með til að bregðast við auknum lífslíkum væru í grunninn ekki þær sömu og byggt var á hjá þeim sjóðum sem þegar eru búnir að innleiða samþykktabreytingar til að bregðast við nýjum lífslíkutöflum.

Að loknum umræðum um þennan lið bauð fundarstjóri framkvæmdastjóra velkominn í pontu á ný, nú til að fara yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Framkvæmdastjóri kom í pontu á ný og gat þess að Brynjar Þór, forstöðumaður eignastýringar sjóðsins, væri í fríi og því neyddist hann sjálfur til að fara yfir fjárfestingarstefnuna þetta árið. Í kynningu sinni fór framkvæmdastjóri yfir ávöxtun sjóðsins á árinu 2021 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu 2022, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins.

Í ljósi þess að nokkuð er liðið á árið 2022 gerði hann einnig grein fyrir ávöxtun og þróun eignasamsetningar fyrstu fimm mánuði þessa árs. Eftir þrjú einstaklega góð ár hefur árið 2022 byrjað nokkuð erfiðlega og miklar áskoranir eru fram undan við að ná fram ávöxtun við núverandi aðstæður.

Nafnávöxtun tímabilsins er neikvæð um 4% og hafa allir eignaflokkar nema innlend skuldabréf (ríkisskuldabréf, markaðsskuldabréf og veðskuldabréf) skilað neikvæðri ávöxtun. Verst er ávöxtun erlendra hlutabréfa, -10,7%.

Að lokinni kynningu framkvæmdastjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefnu en engar spurningar komu fram.

4. Hluthafastefna sjóðsins

Þessu næst gerði framkvæmdastjóri stuttlega grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og framkvæmd hennar. Núgildandi stefna var samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021 en Stapi setti sér fyrst hluthafastefnu árið 2015. Hluthafastefnan tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi í þeim félögum sem fjárfest hefur verið í.

Að undanförunu hefur orðið mikil og góð þróun í UFS málum (umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir). Lífeyrissjóðir hafa verið virkir þátttakendur í þeirri þróun sem hluthafar og nú hefur Stapi sett sér sérstaka stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem framkvæmdastjóri fór einnig yfir. Ýmis atriði í þeirri stefnu voru áður í hluthafastefnunni sjálfri en hafa verið skilin frá og sett í sérstaka stefnu.

Að lokinni yfirferð framkvæmdastjóra var orðið gefið laust en enginn kvað sér hljóðs.

5. Breytingar á samþykktum

Einar Ingimundarson lögfræðingur og Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttindasviðs fóru yfir breytingatillögur og greinagerð sem lá fyrir á ársfund. Breytingatillögurnar eru fjórar talsins og snúa að greinum 16.7, 21.5, 21.6 og 23.3. Breytingin á grein 16.7 felst í að heimila sjóðnum að senda sjóðfélögum rafræn sjóðfélagayfirlit þegar og ef lög eða stjórnvaldsfyrirmæli heimila slíkt í stað þess að senda yfirlit út á pappírformi. Breytingar á greinum 21.5 og 21.6 snúa að því að samræma skilyrði og útreikning barnalífeyris við framkvæmd annarra sjóða og verklag hjá Stapa. Þá er lagt til að fella út grein 23.3 eftir að fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við hluta hennar.

Að lokinni yfirferð Einars og Jónu Finndísar gaf fundarstjóri orðið laust um tillögurnar. Tveir sjóðfélagar komu í pontu og báru upp spurningar eða komu á framfæri athugasemdum. Fyrri spurning/athugasemd sneri að breytingu á ákvæði 16.7 en fyrirspyrjandi óskaði nánari útskýringa á því að hvernig tillagan ætti að ná því markmiði sem að væru stefnt með henni, þ.e. að heimila rafræna útsendingu sjóðfélagayfirlita. Einar svaraði og útskýrði málið nánar. Seinni athugasemdin sneri að grein 23.3. en í yfirferð um þá breytingu kom fram að skylda til greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð gildir aðeins fyrir launamenn á aldrinum 16-70 ára samkvæmt kjarasamningi um lífeyrismál. Fyrirspyrjanda og fleiri fundarmönnum þótti óeðlilegt að ekki væru greidd iðgjöld til lífeyrissjóðs vegna þeirra sem eru orðnir 70 ára, sérstaklega í ljósi hækkandi lífaldurs og sveigjanleika í lífeyristöku þar sem hægt er að fresta lífeyristöku til allt að 80 ára aldurs. Einar kvaðst sammála því að þetta orkaði tvímælis og hvatti fundarmenn til að sjá til þess að tekið yrði á þessu við næstu endurnýjun kjarasamninga. Að loknum umræðum bar fundarstjóri tillögurnar upp til samþykktar. Greidd voru atkvæði með og á móti hverri tillögu um sig og voru þær þrjár fyrstnefndu (16.7, 21.5 og 21.6) samþykktar mótatkvæðalaust en tvö mótatkvæði kom gegn tillögu um að fella grein 23.3 úr gildi. Hún var samt samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

6. Skipan stjórnar

Fundarstjóri gerði næst grein fyrir niðurstöðu vals fulltrúaráðs á stjórnarmönnum Stapa og varamönnum fyrir næsta starfsár.

Stjórn Stapa 2022-2023 er þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- Erla Jónsdóttir, Kambakoti (kosin til 2023)
- Dagmar Ýr Stefánsdóttir (kosin til 2024)
- Unnar Már Pétursson, Siglufirði (kosinn til 2023)
- Valdimar Halldórsson, Húsavík (kosinn til 2024)

Frá launþegum

- Sverrir Mar Albertsson, Eskifirði (kosinn til 2023)
- Tryggvi Jóhannsson, Akureyri (kosinn til 2023)
- Oddný María Gunnarsdóttir, Blönduósi (kosin til 2024)
- Guðný Hrund Karlsdóttir, Raufarhöfn (kosin til 2024)

Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (kosin til 2023)
- Páll Snorrason, Garðabæ (kosinn til 2024)

Frá launþegum

- Heimir Kristinsson, Akureyri (kosinn til 2023)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir, Vopnafirði (kosin til 2024)
-

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki sjóðsins á árinu 2022. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

8. Starfskjarastefna

Tryggvi Jóhannsson, stjórnarformaður, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Stefnan er óbreytt frá fyrra ári. Meginefni stefnunnar er eftirfarandi:

„Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga

og launagreiðendur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði og hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.“

Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
- Starfskjör stjórnarmanna
- Starfskjör framkvæmdastjóra
- Starfskjör áhættustjóra
- Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
- Starfskjör annarra starfsmanna
- Kaupauka
- Yfirvinnu

Starfskjarastefnan skal borin undir ársfund.

Að lokinni kynningu stjórnarformanns á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust.

Einn fundarmaður kvað sér hljóðs og spurði hvort framkvæmdastjóri væri með meiri lífeyris- eða orlofsrétt en almennt tíðkast. Tilefni spurningarinnar er að í 2. tölulið í kafla B í starfskjarastefnunni er fjallað um starfskjör framkvæmdastjóra og þar er upptalning á þeim þáttum sem teljast til starfskjara hans (föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, uppsagnarfrestur og önnur hlunnindi). Fundarmanninum fannst mega skilja þessa upptalningu þannig að framkvæmdastjóri hafi meiri réttindi hvað varðar hina upptölu þætti heldur en tíðkast almennt. Stjórnarformaður svaraði spurningunni og fullvissaði fundinn um að framkvæmdastjóri væri hvorki með meiri lífeyris- né orlofsrétt en tíðkast samkvæmt kjarasamningum og ef hann misminnti ekki færi um þessa þætti í starfkjörum framkvæmdastjóra eftir kjarasamningi félags verslunar og skrifstofufólks. Hann kvað upptalninguna setta fram til að tryggja að ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra taki á öllu því sem telst til starfkjara hans.

Hann féllst þó á að þetta mætti vera betur orðað. Í umræðum var lagt til að stjórn tæki að sér að rýna nánar og skýra betur þetta tiltekna orðalag um starfskjör framkvæmdastjóra í starfskjarastefnunni. Var hún að svo búnu samþykkt með þeirri athugasemd að stjórn taki umrætt orðalag til endurskoðunar fyrir næsta ársfund.

9. Laun stjórnar og nefnda

Tryggvi Jóhannsson stjórnarformaður gerði grein fyrir tillögu nefndar um laun stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillaga nefndarinnar er að hækkan launa stjórnarmanna taki mið af launavísitölu síðustu 12 mánaða (7,3%). Þá gerir nefndin tillögu um að launin verði tvískipt, annars vegar verði greidd föst stjórnarlaun til aðalmanna sem eru 60% af viðmiði og hins vegar verði greitt fyrir mætinu á hvern fund 40% af viðmiði. Miðað við framangreint verði laun stjórnarmanna eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanns: 81.121 kr. pr. mán og 54.080 kr. fyrir mætingu á fund.
- Formaður stjórnar: 162.243 kr. pr. mán og 108.162 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varaformaður stjórnar: 121.681 kr. pr. mán og 81.121 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varamaður í stjórn: 67.601 kr. pr. mætingu á fund.
- Þá lítur launanefnd svo á að þegar vinnufundir standa lengur en 1 dag sé greitt sem svarar mætingu á hvern fund.

Stjórn leggur til að nefndalaun Stapa hækki í samræmi við launavísitölu sl. 12 mánuði (7,3%) og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 50.808 kr. á mánuði.
- Formaður endurskoðunarnefndar 101.615 kr. á mánuði.

- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 135.201 kr. fyrir starfsárið.
- Formaður nefndar um laun stjórnar 202.802 kr. fyrir starfsárið.

Eftir að Tryggvi hafði kynnt tillöguna gaf fundarstjóri orðið laust um hana.

Einn fundarmanna spurði út í mismun á þóknun aðal- og varamanna. Tryggvi svaraði fyrirspurninni og kvaðst telja að bæði þyrftu aðalmenn að standast ítarlegri hæfniskröfur, svo sem hæfnismat FME en einnig væru aðalmenn undir nokkru vinnuálagi á milli formlegra stjórnafunda sem taka yrði tillit til. Eftir að Tryggvi hafði svarað kvað Heimir Kristinsson sér hljóðs en hann hefur verið varamaður í stjórn Stapa um langa hríð. Hann mótmælti því að gerðar væru minni hæfniskröfu til varamanna og kvað þá iðulega kallaða í hæfnismat FME rétt eins og aðalmenn. Hann kvaðst þó ekki mótmæla því að vinnuálag aðalmanna gæti verið meira en varamanna og það gæti réttlætt mismunandi laun.

Tryggvi kom þá aftur í pontu og kvað sér ekki hafa verið kunnugt um að varamenn hefðu verið kallaðir í hæfnismat FME og baðst afsökunar þeirri vanþekkingu sinni.

Að þessum umræðum um mismun launa aðal- og varamanna voru tillögurnar bornar undir atkvæði og samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar.

Kynnt var tillaga að skipan fjögurra manna nefndar um laun stjórnar starfsárið 2022 - 2023. Tillagan gerir ráð fyrir að frá atvinnurekendum komi næsti stjórnarformaður Stapa og Jens Garðar Helgason en frá launþegum komi Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir og Þórarinn G. Sverrisson. Engar aðrar tillögur hafa komið fram og er því sjálfkjörið í nefndina.

11. Önnur mál

Fundarstóri gaf nú orðið laust um önnur mál en enginn kvaddi sér hljóðs. Fundastjóri þakkaði starfsmönnum Stapa því næst fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsfélaga og bar því að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók fráfarandi formaður stjórnar aftur til máls, þakkaði fundargestum fyrir komuna og góðan fund og sleit fundi um kl. 16:00.

Fundarstjóri:

Aðalsteinn Árni Baldursson

Fundarritari:

Einar Ingimundarson